



Reglur

um lækkun og niðurfellingu fasteignaskatts tekjulágra elli- og örorkulífeyrisþega samkvæmt ákvörðun bæjarstjórnar Akraness

1. gr.

Til að geta átt rétt á afslætti af fasteignaskatti samkvæmt ákvörðun bæjarstjórnar hverju sinni, þarf eftirtöldum skilyrðum að vera fullnægt:

- a. Viðkomandi elli- og örorkulífeyrisþegar verða að eiga lögheimili á Akranesi og séu þinglýstir eigendur viðkomandi fasteignar og/eða geti átt rétt á vaxtabótum vegna hennar skv. B-lið 68 gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt og eignarskatt. Ákvæðið vísar m.a. til þeirra sem búa í íbúðum á vegum Búseta og Búmanna.
- b. Umsækjandi sé 75% öryrki eða 67 ára eða eldri. Ellilífeyrisþegar geta fyrst átt rétt á afslætti hafi þeir orðið 67 ára á næsta ári á undan álagningarári. Þeir sem eru úrskurðaðir 75% öryrkjar á álagningarári eiga rétt á hlutfallslegri lækkun frá því að örorkumat tók gildi.
- c. Umsækjandi búi sjálfur í íbúðarhúsnæðinu sem staðsett sé á íbúðarsvæði skv. skipulagi og hafi ekki af því leigutekjur. Heimilt er að víkja frá þessu skilyrði, þegar umsækjandi dvelur á stofnun, á því ári sem viðkomandi fer á stofnun og næsta ár á eftir, enda hafi viðkomandi ekki leigutekjur af húsnæðinu og/eða að fasteignin sé ekki nýtt af öðrum til íbúðar. Sé sótt um afslátt af húsnæði sem stendur utan hefðbundins íbúðarsvæðis skv. skipulagi, skal afsláttur áskilinn því að húsnæðið hafi A skráningu í Landsskrá fasteigna og ekki sé um að ræða húsnæði sem stendur á skráðu frístundahúsasvæði.
- d. Sé umsækjandi í óvígðri sambúð gilda sömu reglur og um hjón sé að ræða.
- e. Þegar um hjón eða sambúðaraðila er að ræða nægir að annað hjóna eða sambúðaraðila fullnægi því skilyrði að vera elli- eða örorkulífeyrisþegi.
- f. Falli annar aðilinn, sem getið er í staflið d, frá, þá á sá eftirlifandi rétt á því að njóta afsláttar hjóna, eða sambúðaraðila, út árið sem fráfallið átti sér stað á, óski hann þess.
- g. Verði slit á hjónabandi eða sambúð þeirra einstaklinga sem getið er í staflið d, þá eiga aðilar máls rétt á öðru tveggja, frá og með þeim tíma sem lögskilnaður er skráður eða sambúðarslit skráð:
 1. að njóta óbreytts afsláttar út álagningarárið óski þeir þess
 2. að vera meðhöndlaðir sem einstaklingar frá og með þeim tíma óski þeir þess, enda geti þeir með fullnægjandi hætti sýnt aðgreindar sértekjur sínar vegna ársins á undan sbr. gr. 2 og 3.



2. gr.

Varðandi tekjuviðmiðanir gilda þær tekjur sem eru stofn til útreiknings tekjuskatts, útsvars og fjármagnstekjuskatts, eins og þessar tekjur voru á næsta ári á undan álagningarárinu. Miðað er við sameiginlegar tekjur hjóna og samskattaðra sambýlisaðila.

3. gr.

Framkvæmd útreiknings afsláttar fer þannig fram að við álagningu fasteignagjalda í upphafi árs skal afsláttur reiknaður til bráðbirgða til þeirra sem áttu rétt á, eða hefðu átt rétt á, afslætti árið áður. Að hausti þegar álagning skattstjóra hefur farið fram skal afsláttur endurreiknaður miðað við þessar reglur og samþykkt tekjuviðmið afsláttar. Þegar endurreikningi er lokið fer fram uppgjör afsláttar.

4. gr.

Reglur þessar eru settar með heimild í lögum um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995, 5. gr. 3. mgr.

**Gildandi viðmiðunarupphæðir fyrir árið 2012
skv. ákvörðun bæjarstjórnar Akraness**

Hjá einstaklingum með tekjur allt að kr. 2.375.000 er **100%** niðurfelling á fasteignaskatti. Niðurfellingin lækkar hlutfallslega með hækkandi tekjum og fellur niður ef tekjur fara yfir kr. 3.289.000.

Hjá hjónum/sambýlingum með tekjur allt að kr. 3.327.000 er **100%** niðurfelling á fasteignaskatti. Niðurfellingin lækkar hlutfallslega með hækkandi tekjum og fellur niður ef tekjur fara yfir kr. 4.604.000.

Samþykkt á fundi bæjarstjórnar 17. janúar 2012.

Akranesi, 17. janúar 2012


Árni Múli Jónasson, bæjarstjóri